

STÆRÐFRÆÐINÁM OG UPPLÝSINGATÆKNI

Þrjú ný námskeið á vef Opnu Menntafléttunnar



Þátttaka í námskeiðunum gefur kennurum tækifæri til að ígrunda og skipuleggja kennslu þar sem áherslan er á að nýta upplýsingatækni í stærðfræðikennslu.

Þátttakendur kynnast:

- Leiðum til að taka þátt í námssamfélagi jafningja í eigin skóla með samtali og ígrundun um breytta starfshætti.
- Lesefni og hugmyndum að viðfangsefnum tengdum upplýsingatækni í stærðfræðinámi.
- Leiðum til að styðja nemendur við að nýta verkfæri upplýsingatækni í námi sínu, bæði sem námstæki og til að setja fram niðurstöður sínar.

Grunnhugmynd námskeiðanna er að efni þeirra sé nýtt til að efla og styrkja námssamfélag stærðfræðikennara í gegnum lestur, umræður og tilraunir í kennslu þar sem áherslan er á notkun upplýsingatækni í stærðfræðinámi.

Þátttakendum stendur til boða að fá ráðgjöf til að koma sér af stað við að vinna efni námskeiðanna. Ráðgjöfin er án endurgjalds skólaárið 2024-2025.